

Fundargerð 245. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Þriðjudagur 9. febrúar 2021
Fundartími: 13:00 – 16:30
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Stefán Geirsson varamaður Hrafnkels Guðnasonar
Margrét Jónsdóttir
Rósa Matthíasdóttir
Sigurður Ingi Sigurðsson
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri
Bragi Bjarnason og Ólafur Rafnar Ólafsson undir lið nr. 2.

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Við dagskrána bætist við liður nr. 2, kynning á samstarfsverkefnum Árborgar og Flóahrepps. Aðrir liðir færast aftur í númeraröðinni sem því nemur. Engar athugasemdir gerðar. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 209, dags. dags. 13.01.2021

a) Dalsmynni L166326; Skógrækt; Framkvæmdaleyfi – 2101009

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Telmu Halldórsdóttur og Ágústi Hjálmarssyni er varðar skógrækt í landi Dalsmynnis í Flóahreppi. Í framkvæmdinni felst ræktun skógar á um 34 ha. svæði á holti norð vestur af bænum sbr. meðfylgjandi yfirlitsmynd. Suður kantur landsins liggur að landamerkjum Breiðholts og norðurhluti liggur að landamerkjum Hurðarbaks. Lagt er fram mat á svæðinu frá Skógræktinni.

Skipulagsnefnd UTU telur að framlögð umsókn um skógrækt í land Dalsmynnis falli ágætlega að markmiðum aðalskipulags Flóahrepps er varðar skógrækt á landbúnaðarlandi. Þar segir m.a. að skógrækt verði eflað innan sveitarfélagsins. Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið verði samþykkt til grenndarkynningar skv. 8. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Nefndin telur framkvæmdina ekki tilkynningarskylda samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 viðauka 1.

Lögð fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar á 34 ha svæði í landi Dalsmynnis sbr. meðfylgjandi yfirlitsmynd. Svæðið liggur að landamerkjum jarðanna Hurðarbaks og Breiðholts. Meðfylgjand er einnig mat Skógræktarinnar á svæðinu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi beiðni til grenndarkynningar skv. 8. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Sveitarstjórn telur framkvæmdina ekki tilkynningarskylda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 viðauka 1. Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Merkurhraun 9 (L166428); fyrirspurn um byggingarleyfi; sumarbústaður á tveimur hæðum – 2010095

Lögð er fram beiðni frá Edgars Zikmanis er varðar heimild fyrir að byggja 182 fm sumarhús á 4.000 fm. lóð Merkurhrauni 9. Vísað er til heimilda aðalskipulags Flóahrepps þar sem segir að notast megi við nýtingarhlutfall 0,05 þegar lóðir á frístundasvæðum eru minni en 5.000 fm.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að fyrri bókun vegna málsins standi. Innan svæðisins eru lóðir almennt um og yfir 5.000 fm. Hámarks byggingarmagn innan svæðisins verði skilgreint 150 fm. Nefndin telur ekki forsendur fyrir því að samþykkja meira byggingarmagn innan 4.000 fm lóðar en 5.000 fm lóðar á sama svæði vegna heimilda aðalskipulags er varðar nýtingarhlutfall 0,05. Unnin verði deiliskipulagsbreyting fyrir svæðið þar sem m.a. verði gert grein fyrir nýtingarhlutfalli lóða innan svæðisins og hámarks byggingarmagni. Nefndin gerir ekki athugasemd við grenndarkynningu málsins á grundvelli 44. gr. skipulagslaga með fyrirvara um uppfærðar teikningar sem gera ráð fyrir því að stærð hússins falli að viðkomandi skilmálum.

Óskað er eftir heimild til þess að byggja 182 m² frístundahús á lóðinni Merkurhraun 9 sem er 4.000 fm að stærð. Sveitarstjórn Flóahrepps vísar til fyrir bókunar á 243. fundi dags. 8. desember 2020, þar er mælt til að gert verði deiliskipulag fyrir svæðið og að hámarksstærð húss sé aðeins 150 m² Sveitarstjórn Flóahrepps frestar afgreiðslu málsins þar sem í skoðun eru breytingar á skilmálum aðalskipulags.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20 – 134 – 2012004F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. janúar 2021.

2. Kynning á samstarfsverkefnum Árborgar og Flóahrepps

Bragi Bjarnason og Ólafur Rafnar Ólafsson mættu til fundarins á „Teams“ og fóru yfir verkefni upplýsingarmiðstöðvar Árborgar og Flóahrepps. Einnig var rætt um samning Flóahrepps um sundiðkun fyrir börn og eldri borgara.

3. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 210, dags. 27.01.2021

a) Vatnsholt 1 L166395; Deiliskipulag – 2008007

Lagt er fram deiliskipulag sem tekur til jarðarinnar Vatnsholt 1 í Flóahreppi eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhús, útihús, skemmu og gestahúsa á tveimur spildum. Markmið skipulagsins er að styrkja búsetu og til minniháttar atvinnureksturs og áhugabúskapar. Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingatíma deiliskipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess eftir auglýsingu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við umsögnum sem bárust vegna málsins. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lagt fram deiliskipulag fyrir jörðina Vatnsholt 1 L166395 þar sem skilgreindar eru byggingarheimildir fyrir íbúðarhús, útihús, skemmu og gestahús á tveimur spildum. Einnig lagðar fram athugasemdir sem brugðist hefur verið við.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirliggjandi deiliskipulag og felur skipulagsfulltrúa að birta það til auglýsingar í B – deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Þúfugarðar L221679; Byggingarskilmálar; Deiliskipulagsbreyting – 2101032

Lögð er fram umsókn frá Ólafi Sveini Gíslasyni og Hildi Bjarnadóttur er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar. Í breytingunni felst breyting á heimildum byggingarmagns innan lóðar. Núverandi skilmálar gera ráð fyrir því að heimilt sé að byggja allt að 250 fm innan lóðar í formi íbúðarhúss að 200 fm. og gestahúss/geymslu að 50 fm. mænishæð geti verið allt að 5 m. Eftir breytingu er skilgreint nýtingarhlutfall lóðar sett 0,02 og að mænishæð geti verið allt að 6,5 m. Aðrir skilmálar deiliskipulagsins haldast óbreyttir.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Lögð fram umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Þúfugarðar L221679.

Breytingin felur í sér að skilgreint nýtingarhlutfall lóðar er sett 0,02 og að mænishæð geti orðið allt að 6,5 m. Aðrir skilmálar haldast óbreyttir.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir umsóknina með 5 atkvæðum og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varða óverulegar breytingar á deiliskipulagi.

c) Stórhólmi L211525; Íbúðarhús, reiðhöll og hesthús; Deiliskipulag – 1911049

Lögð er fram tillaga deiliskipulags að Stórhólma L211525 Flóahreppi. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingareita og byggingarheimilda fyrir íbúðarhúsi, reiðhöll og hesthúsi. Lýsing deiliskipulags hefur áður verið kynnt.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Stórhólma L211525 þar sem skilgreindir eru byggingarreitir og byggingarheimildir fyrir íbúðarhús, hesthús og reiðhöll.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum, fyrirliggjandi deiliskipulag og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa það á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

d) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 21 – 135 – 210102F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. janúar 2021.

4. Erindi frá Skipulagsfulltrúa – byggingarheimildir á frístundasvæðum

Lagt fram erindi frá skipulagsfulltrúa UTU þar sem gerð er tillaga að breytingu á skilmálum varðandi byggingarheimildir á frístundalóðum

Núverandi skilmálar:

Á frístundasvæðum skulu lóðir að jafnaði vera á stærðarbilinu 0.5 - 1 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03. Í ákveðnum tilfellum geta frístundalóðir þó verið minni og nýtingarhlutfall allt að 0,05.

Tillaga að breytingu:

Á frístundasvæðum skulu lóðir að jafnaði vera á stærðarbilinu 5000 - 10.000 m² (0,5-1ha). Á lóðum sem eru 3.330-10.000 m² gildir nýtingarhlutfallið 0,03 en byggingarmagn skal þó aldrei fara yfir 400 m² á frístundahúsalóðum. Innan lóða sem stofnaðar hafa verið fyrir gildistöku aðalskipulags Flóahrepps og eru minni en 3.330m² skal ekki miða við nýtingarhlutfall heldur hámarks byggingarmagn allt að 100 m².

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir tillögu um viðmið og hámarksbyggingarmagn frístundalóða eins og þau eru sett fram hér að ofan og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.

Samþykkt með 5 atkvæðum

5. Erindi frá Árborg – skipulagsmál

Lögð fram auglýsing um breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins Árborgar 2010 – 2030 vegna Austurbyggðar II á Selfossi, ásamt uppdrætti og greinargerð.

Sveitarstjórn Flóahrepps lýsir yfir áhyggjum af því að verið er að þrengja að svæði hestamannafélagsins Sleipnis. Sveitarstjórn Flóahrepps er tilbúin til þess að gera ráð fyrir svæði fyrir hestaíþróttir austan við Gaulverjabæjarveg í landi Árborgar ef vilji Árborgar er fyrir því. Ekki eru gerðar aðrar athugasemdir við þessa breytingu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Heilsueflandi samfélag – stýrihópur

Lögð fram tillaga um eftirtalda aðila í stýrihóp verkefnisins „Flóahreppur heilsueflandi samfélag.“

Guðrún Elísa Gunnarsdóttir – Flóahreppur íbúar

Sigrún Helgadóttir - Flóaskóli

Örvar Rafn Hlíðdal - Félagsmiðstöðin Zone

Markús Ívarsson - Þjótandi

Ellý Hrund Guðmundsdóttir - Krakkaborg

Undirritun samnings við Landlæknisembættið bíður þar til álag út af Covid 19 minnkar.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu og felur sveitarstjóra að stilla upp samþykktum fyrir stýrihópinn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Dvalarsamningur leikskólans Krakkaborgar – endurskoðun og uppfærsla

Lagður fram endurskoðaður dvalarsamningur leikskólans Krakkaborgar.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn með áorðnum breytingum með 5 atkvæðum.

8. Erindi frá TRS – ósk um verðbreytingar á vinnulið verksamnings vegna þjónustu við Flóaljós

Lagt fram erindi frá Gunnari Braga Þorsteinssyni fyrir hönd TRS þar sem óskað er eftir 5 % hækkun vinnuliðar verksamnings um þjónustu við Flóaljós.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir erindið með 5 atkvæðum.

9. Húsnæði og lóð Flóaskóla – þarfagreining og skipulagsmál

Fyrir liggur að nemendafjöldi í Flóaskóla verður kominn í 120 nemendur haustið 2021 og að elsti hluti skólans verður ekki nýttur til skólahalds.

Sveitarstjórn felur Fræðslunefnd að skoða alla möguleika á frekari nýtingu eða hagræðingu innan þess húsnæðis sem er til staðar þ.m.t. í Skólatröð og í Þjósárveri með stjórnendum í Flóaskóla til þess að mæta aukinni húsnæðisþörf vegna skólaársins 2021 - 2022.

Sveitarstjórn samþykkir að stofnaður verði vinnuhópur sem verði falið að vinna að framtíðarskipulagi og uppbyggingu á lóð Flóaskóla. Kallað er eftir tilnefningum tveggja aðila, aðal- og varamanns, karls og konu sem eru tilbúnir að taka að sér að sitja í vinnuhópnum; frá æskulýðs- og tómstundanevnd, Flóaskóla, fræðslunefnd og auk þess sem sveitarstjórn skipar 2 aðila. Stefnt er að stofnun hópsins á næsta fundi sveitarstjórnar. Sveitarstjóra falið að kalla eftir tilboði í vinnu fagaðila sem yrði vinnuhópnum til aðstoðar við íbúasamráð og við hönnun skólalóðar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Erindi frá T lista – íþróttahús við Flóaskóla kostnaðargreining

Lagt fram erindi frá T – lista þar sem óskað er eftir því að kannaður verði fjárhagsgrundvöllur þess að byggja íþrótt- og samkomuhús í Flóahreppi. Í framhaldi verði hafinn undirbúningur að byggingu þess.

Sveitarstjórn samþykkir að vinna áfram að málinu og vísar því til vinnuhóps sbr 9. lið hér fyrir framan.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Frá Alþingi:

a) Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 370. mál

Lagt fram til kynningar.

b) Frumvarp til laga um jarðalög (einföldun regluverks, vernd landbúnaðarlands, upplýsingaskylda o.fl.) 375. mál.

Lagt fram til kynningar.

c) Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu, sandkóla og hryggleysingja), 419. mál.

Lagt fram til kynningar.

d) Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.), 418. Mál

Lagt fram til kynningar.

e) Tillaga til þingsályktunar um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld, 121. mál

Lagt fram til kynningar.

f) Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags), 378. Mál

Lagt fram til kynningar.

g) Frumvarp til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgangna, fjarskipta og byggðamála, 471. Mál

Lagt fram til kynningar.

h) Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum tengdum málefnum sveitarfélaga (sveitarfélög og kórónuveirufaraldur), 478. Mál

i) Lagt fram til kynningar.

12. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 244, dags. 12.01.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 4, dags. 20.01.2021
Liðir nr. 3 og 5 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar. Samþykkt að halda vinnufund með skipulagsfulltrúa þar sem Skipulagsmál í Flóaskóla, Þingborg og Heiðargerði verði rædd frekar.
5. Umsjónarmaður fasteigna hefur óskað eftir geymsluhýsi fyrir verkfæri á Skólaholtinu. Kostnaður er um 1 milljón kr. Ekki er gert ráð fyrir þessum kostnaði í fjárhagsáætlun en gert er ráð fyrir að kostnaður verði fjármagnaður með lækkun á eigin fé.
Sveitarstjórn samþykkir erindið
Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar
- c) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 125, dags. 19.01.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) NOS dags. 05.01.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar
- e) Stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 198, dags. 22.01.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar
- f) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 209, dags. 15.01.2021
Fundargerðin ásamt drögum að samþykktum um vatnsverndarsvæði lögð fram til kynningar.
- g) Stjórnar SOS nr. 299, dags. 24.01.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) Stjórnar Bergisans nr. 25, dags. 14.12.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- i) Stjórnar Bergisans nr. 26, dags. 26.01.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- j) Stjórnar SASS nr. 566, dags. 15.01.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- k) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 893, dags. 16.12.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- l) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 894, dags. 29.01.2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

13. Efni til kynningar:

- a) Upplýsingar úr bókhaldi Flóahrepps - 2020
- b) Erindi frá Jafnréttisstofu – Heimild Flóahrepps til þess að nota jafnlaunamerkið
- c) Afsláttur fasteignagjalda – reglur um afslátt eldri borgara og öryrkja
- d) Drög að umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp um innleiðingu hringrásarhagkerfis.
- e) Frá Félagsmálaráðuneyti Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar Covid 19 – Stöðuskýrsla nr. 10
- f) Frá Þjóðskrá – beiðni um athugun á búsetu þeirra sem ekki hafa skráð tilgreint heimilisfang
- g) Frá Þjóðskrá – beiðni um upplýsingar um nýtingu á íbúðarhúsnæði sem virðist standa autt

14. Trúnaðarmál:

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Stefán Geirsson (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)

Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)

Eydís P. Indriðadóttir (sign)